

# Námsefnissjóður SÍTÓN og Menntamálaráðuneytisins

## Úthlutunarreglur

Námsefnissjóður SÍTÓN og MMR (NSM) byggir á styrktarsamningi Menntamálaráðuneytisins (MMR) við Samband íslenskra tónbókaútgefenda (SÍTÓN) þ. 29.6.2023. Skal fjármunum sjóðsins varið í að styrkja höfunda tónbóka um hluta höfundarlauna árin 2023-2024 í samræmi við uppgefin markmið samningsins.

Samkvæmt markmiðum samningsins er verkefni NSM að styrkja útgáfu tónbóka til notkunar í tónlistarskólum. Til tónbóka teljast nótnarit, kennslugögn og fræðirit, ásamt tengdu efni á prenti eða stafrænt. Sjóðurinn skal stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu tónbóka með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Sjóðnum stýrir úthlutunarnefnd sem félagsfundur Sítón þ. 26.06.2023 samþykkti að yrði skipuð tveimur fulltrúum félagsins ásamt einum fulltrúa sem stjórn STS skipar. Skipaðir fulltrúar í nefndinni eru Gylfi Garðarsson (SÍTÓN), Össur Geirsson (SÍTÓN) og Aron Örn Óskarsson (STS).

### **Styrkhæf verkefni NSM eru: Námsefnisgerð, rannsóknar- og þróunarverkefni**

Veittir eru styrkir allt að 1.000.000 kr. sem er hámarksstyrkur fyrir hvert verkefni og geta fleiri en einn aðili staðið að hverju verkefni.

Fjármunum sjóðsins er skipt í tvær úthlutanir með umsóknarfresti 15. nóvember 2023 og 15. mars 2024.

Úthlutunarnefnd svarar umsóknum í næsta mánuði eftir umsóknarfrest.

### **Í umsókn um styrk úr NSM skal eftirtalið koma fram:**

1. Heiti verkefnis.
2. Nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda (nafn, kennitala, heimili, sími, netfang).
3. Nöfn annarra þátttakenda og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
4. Upplýsingar um menntun og fræðilegan bakgrunn umsækjanda.
5. Upplýsingar um fyrri verk á sviði námsefnisgerðar, rannsóknar- og þróunarverkefna ef við á.
6. Greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu.
7. Upplýsingar um gildi verkefnis. Er t.d. þörf fyrir verkefnið og bætir það einhverju við það efni sem þegar er á boðstólum.
8. Lýsing á þeirri aðferðafræði/hugmyndafræði sem liggur að baki verkefninu.
9. Tímasett verkáætlun sem gerir grein fyrir framvindu verkefnis og verklokum.
10. Greinargóð fjárhagsáætlun sem tilgreinir áætlaðan kostnað og tekjur verkefnis.
11. Upplýsingar um hvort/hvar sótt hafi verið um aðra styrki til sama verkefnis.

Með umsókn skulu fylgja drög að verkefninu/námsefninu. Drögin skulu sýna helstu efnistöð, skýr dæmi um uppsetningu og frágang, sýna fram á að fagmennska einkenni verkefnið og að það sé styrkhæft í samræmi við reglur sjóðsins.

### **Mat á umsóknum í NSM**

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

1. Gildi og mikilvægi verkefnisins fyrir tónlistarkennslu á Íslandi.
2. Faglegum vinnubrögðum varðandi efnistöð og frágang verkefnis.
3. Að verkefnið hafi gildi fyrir tónlistarkennslu og/eða skólaþróun og uppfylli þörf sem er til staðar.
4. Að verkefnið feti nýjar slóðir t.d. hvað varðar skapandi tónlistarstarf og notkun nýrra miðla í tónlistarkennslu.
5. Líkum á því að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að.
6. Starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda.
7. Að umsókn sé skýr, greinargóð og vel frágengin.

*(frh. á næstu síðu)*

Úthlutunarnefnd NSM getur leitað umsagnar fagaðila ef þörf er talin á því.

Umsóknir um styrk úr NSM skulu berast fyrir tilgreindan umsóknarfrest og verður umsóknum svarað í næsta mánuði á eftir.

Við úthlutun styrks verður óskað upplýsinga um bankareikning.

Hámarksstyrkur er kr. 1.000.000 og greiðist 25% styrkuppþæðar þegar umsókn er samþykkt og eftirstöðvar þegar fullunnu verkefni er skilað til stjórnar sjóðsins samkvæmt verkáætlun. Réttur til greiðslu fyrnist ef umbeðnum gögnum er ekki skilað í samræmi við verkáætlun.

Hver umsækjandi getur aðeins sótt um styrk til eins verkefnis árlega. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk úr NSM telst hann ekki styrkhæfur nema fyrra verkefni sé lokið.

Geta skal þess í öllu útgefnu efni að Námsefnissjóður SÍTÓN og Menntamálaráðuneytisins hafi styrkt útgáfuna.